



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Dómsmálaráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2026

Efni: Réttarvernd barna sem verða fyrir kynferðisbrotum.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Í janúar 2024 sendi umboðsmaður barna erindi til dómsmálaráðherra þar sem kallað var eftir því að lágmarksaldur samþykkis verði skilgreindur sérstaklega í 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir „hgl“).¹ Í erindi umboðsmanns kemur fram að réttaróvissa ríki um það hvenær börn nái þeim aldri að geta veitt samþykki sitt fyrir kynmökum.²

Nýlegur dómur Hæstaréttar frá 18. mars 2026 varpar ljósi á þessa stöðu. Í málinu sem um ræðir var maður á þrítugsaldri ákærður fyrir að hafa haft samræði og önnur kynferðismök við 13 ára barn. Ákært var fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. hgl. Með dómi héraðsdóms var hinn ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl. en ekki var fallist á að um nauðgun skv. 1. mgr. 194. gr. hgl. hafi verið að ræða þar sem dómari komst að þeirri niðurstöðu að barnið hafi veitt samþykki sitt fyrir kynmökum og sakborningur hafi ekki nýtt sér yfirburðastöðu til að ná fram kynferðislegum vilja sínum.

Málinu var áfrýjað til Landsréttar sem komst að öndverðri niðurstöðu og sakfelldi ákærða fyrir nauðgun skv. 1. mgr. 194. gr. hgl. og einnig brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl. Í dómi Landsréttar kemur fram að óhjákvæmilegt sé að leggja til grundvallar að ákærði hafi nýtt sér yfirburðastöðu gagnvart brotþola vegna aldurs- og þroskamunar og þess að barnið var eitt með ákærða fjarri öðrum. Hafi því verið um ólögmeta nauðung að ræða í skilningi 3. málslíðar 1. mgr. 194. gr.

¹ Erindi umboðsmanns var ítrekað 13. maí 2024 en svar hefur ekki borist.

² Af dómafrákvæmd Hæstaréttar verður ráðið að barn er ekki talið geta veitt samþykki í skilningi 194. gr. hgl. ef það er undir 12 ára aldri, sbr. H (47/2024) og H (2/2025). Meiri óvissa er til staðar þegar barn er eldra en 12 ára, en draga má þá ályktun að 13 ára barn geti veitt samþykki sitt fyrir kynmökum við fullorðinn einstakling skv. 194. gr. hgl., sbr. H (34/2025).

hgl. Þá áréttar Landsréttur að af 1. mgr. 202. gr. hgl. leiði að samþykki brotaþola til kynmaka hafi aldrei getað verið fyrir hendi.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem ómerkti dóminn og vísaði málinu aftur til Landsréttar. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að ályktun Landsréttar þess efnis að sakfelling á grundvelli 1. mgr. 202. gr. hgl. leiði sjálfkrafa til þess að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 194. gr. hgl. fái ekki staðist. Landsréttur mun því þurfa að leggja sjálfstætt mat á hvort það leiði af þroska 13 ára barns sem og atvikum öðrum hvort það hafi verið bært til þess að veita gilt samþykki fyrir samræði við fullorðinn einstakling.

Þetta mál hefur verið til meðferðar um langan tíma en það var þingfest í héraði 15. september 2023 og málinu er ekki enn lokið. Þessi málsmeðferð er óumflýjanlega afar þungbær fyrir það barn sem hér á í hlut. Að mati umboðsmanns barna eru réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum ekki tryggð með núverandi regluverki. Samkvæmt Barnasáttmálanum ber að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi og kynferðislegri misnotkun og tryggja rétt barna til lífs og þroska, sbr. 19., 34. og 6. gr. Barnasáttmálans. Þá ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í Barnasáttmálanum, komi til framkvæmda. Á löggjafanum hvílir ótvíræð skylda til að vernda börn gegn hvers konar misnotkun. Að mati umboðsmanns barna getur barn sem er yngra en 15 ára ekki veitt samþykki til kynmaka við fullorðna manneskju og þess vegna telur umboðsmaður sérstaklega áriðandi að dómsmálaráðherra beiti sér fyrir því að 194. gr. hgl. verði endurskoðuð.³

Þó að hér hafi verið lögð áhersla á 194. gr. hgl. telur umboðsmaður barna mikilvægt að XXII. kafli almennra hegningarlaga verði tekinn til heildstæðrar endurskoðunar með það að markmiði að auka réttarvernd barna. Við þá vinnu þarf að huga sérstaklega að vernd barna sem eru á aldrinum 15 til 18 ára. Þá þarf einnig að taka mið af breyttu samskiptamynstri barna og aukinni notkun samskiptaforrita, þar sem gerandi er jafnvel ekki viðstaddur brotið.⁴ Hæstiréttur hefur bent á að þörf sé á þessari endurskoðun og þá staðreynd að beiting refsíákvæða er háð þeim takmörkunum sem leiða af 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að engum verði gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða megi fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi.⁵ Þá þarf refsíheimild að vera skýr og ótvíræð þannig að ljóst sé af lestri ákvæðisins hvaða háttsemi sé refsiverð. Til þess að tryggja börnum fullnægjandi réttarvernd þurfa refsíheimildir því að vera skýrar og ótækt er að réttaróvissa ríki um mörk refsíabyrgðar eða það hvaða háttsemi fellur undir gildissvið viðkomandi ákvæðis.

Umboðsmaður barna óskar þess að embættinu verði haldið upplýstu um framgang málsins, þar á meðal um þau viðbrögð og þær ráðstafanir sem ráðuneytið hyggst grípa til í kjölfar erindisins.

³ Í sænskum hegningarlögum, Brottsbalk (1962:700), kemur fram í 4. gr. 6. kafla að hver sá sem hafi samræði eða önnur kynferðismök við barn undir 15 ára aldri gerist sekur um nauðgun. Ef sú leið verður farið hér þarf að leggja mat á hvornig fara skuli um mál þar sem barn undir 15 ára aldri hefur með samþykki sínu átt samræði eða önnur kynferðismök við einstakling sem er á svipuðum aldri og þroskastigi, svo sem þegar um er að ræða 14 og 16 ára börn. Um þetta er fjallað í 14. gr. 6. kafla sænsku hegningarlaganna og er þar gert ráð fyrir að við þessar aðstæður stofnist ekki til refsíabyrgðar.

⁴ H (31/2023).

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Þess er óskað að svar berist ekki síðar en 27. maí nk.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna